



VÍSINDASIÐANEFND

Borgartúni 21 - 4. hæð
105 Reykjavík,

Sími: 551 7100

netfang: vsn@vsn.is www.vsn.is

Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir, ritari
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík 30. apríl 2019

Tilv.: VSNb2019040014/04.01

Efni: FS-19-050 - Umsögn um frumvarp til laga um vandaða starfshætti í vísindum -
Nefndarsvið Alþingis

Vísað er til umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis, er barst dags. 12.04.2019, þar sem óskað er eftir umsögn Vísindasiðanefndar við frumvarpi til laga um vandaða starfshætti í vísindum, 779. mál.

Á fundi Vísindasiðanefndar þann 30. apríl sl. tók nefndin frumvarpið til umfjöllunar og telur nefndin rétt að gera eftirfarandi athugasemdir.

Í 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins segir að ráðherra ákveði nefndarmönnum þóknun og sjái nefndinni fyrir skrifstofuaðstöðu og starfsfólki. Í greinargerð sem fylgdi frumvarpinu segir að skynsamlegt kynni að vera að hýsa nefndina með Vísindasiðanefnd til þess að efla á einum stað þekkingu á skyldum málefnum sem nefndirnar tvær fást við. Ef frumvarpið verður samþykkt af Alþingi í þessari mynd óskar Vísindasiðanefnd eftir umfangsmiklu samráði við það ráðuneyti sem mun útfæra þessa heimild. Nefndin óskar sérstaklega eftir miklu samráði á milli skrifstofu Vísindasiðanefndar og viðkomandi ráðuneytis. Þá þarf að vera ljóst hvað nákvæmlega átt er við, eiga núverandi starfsmenn Vísindasiðanefndar jafnframt að sinna störfum fyrir nefnd um heiðarlega starfshætti í vísindum? Á skrifstofu Vísindasiðanefndar er unnið flókið og mikilvægt starf og ekki hægt að ætlast til þess að núverandi starfsmenn nefndarinnar geti tekið að sér frekari verkefni. Að mati Vísindasiðanefndar þarf þannig að huga að útfærslu þessa ákvæðis gaumgæfilega. Skynsamlegt kynni að vera að tengja nefndina frekar við starfsemi vísinda- og tækniráðs, þar sem forsætisráðherra fer með formennsku, eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu um 5. gr.

Með kveðju, f.h. Vísindasiðanefndar,


Sunna Snædal, lækni, formaður